

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Fiskeldi Austfjarða Kt. 520412-0930	Dags. eftirlits: 9. jún 2017	Staðsetning stöðvar: Berufjörður	Starfsleyfisflokkur:
Tengiliður: Jónatan Þórðarson	Netfang: jonatan @icefishfarm.com	Sími: 696-1964	Gerð stöðvar: Sjókviáeldi
Gildistími starfsleyfis: 1. júlí 2027	Kvittun afhend: já	Viðstaddir eftirlit: Jónatan Þórðarson	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Heimild framleiðsla 6.000 tonn af laxi og 2.000 tonn af regnboga. Í fyrra um 2450 tonn, þar af um 600 tonn lax.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Nei. Verið að loka Glímeyri, allt fjarlægt í okt. Verið að setja út í Svarthamarsvík og verið að sækja um stærri leyfi.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		x		Ársskýrslu hefur ekki verið skilað en gerð er krafa um það ef niðurstöður mælinga koma ekki fram í grænu bókhaldi.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	x			Vantar niðurstöður allra mælinga í grænt bókhald.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun	x			Já, viðbragðsáætlanir í gæðahandbók

vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			
Er neyðaráætlun til staðar?	x			

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Aqua gap
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Fóðurmyndavélar í kvíum
Er skráning á losun fósfora og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			Mælingar og útreikningar. Seinustu mælingar teknar 2016, næstu teknar í haust.
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?			x	
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.			x	

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).			x	
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Botnsýni tekin árlega. Náttúrustofa Austurlands sér um sýnatökur. Lítið af þörungum sjáanlegt, talsvert af fugli á Glímeysi Verið að slátra á Glímeysi, brák í yfirborði kvía sem verið er að slátra upp úr.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?		x		Tvær kvíar utan starfssvæðis sem verða tæmdar fyrir 1. júlí.
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	x			Sjá fylgiskjal
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	x			Verið að slátra regnboga núna, um 70 tonn á viku, klárast í okt. Slátrað í brunnbát, slóg fer til þýskalands. Verið að setja út seiði núna í Svarthamarsvík.
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Olía fer í safntank frá N1 Dauðfisk er fargað í Lóni. Minnt er á að kvittanir þurfa að vera aðgengilegar í eftirliti.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?				Vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfært, en átti að uppfæra 2014. Sýnatökur á botnseti á að framkvæma næst árið 2018. Einnig skal taka sjósýni í samræmi við vöktunaráætlun.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.				Skil á niðurstöðum mælinga ársins 2015 voru drög, þykja ekki fullnægjandi.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	

<p>Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?</p> <p>Er það skv. starfsleyfi?</p> <p>Hver sér um mælingarnar?</p>				<p>Árlega þarf að mæla losun næringarefna en annað á þriggja ára fresti.</p> <p>Næst áætlað að taka sjósýni í haust, botnsýni tekin árlega. Náttúrustofa Austurlands sér um sýnatökur og mælingar.</p>
---	--	--	--	--

<p>Niðurstöður síðasta eftirlits:</p> <p>Vantaði áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir</p> <p>Vantaði neyðaráætlun</p> <p>Kvíar utan leyfilegs starfssvæðis</p>	
<p>Samantekt:</p>	
<p>Frávik</p>	<p>Ársskýrslu ekki skilað fyrir 1. maí</p> <p>Tvær kvíar utan starfssvæðis</p>
<p>Athugasemdir</p>	<p>Uppfæra þarf vöktunaráætlun</p>
<p>Annað</p>	

Undirskrift eftirlitsmanns: Soffía Karen Magnúsdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



Dags eftirlits	9.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Soffía Karen Magnúsdóttir
Heimili	Vörðu	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jónatan Þórðarson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti er varða ranga staðsetningu kvía og skila á ársskýrslu. Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu er varðar að ekki er búið að uppfæra vöktunaráætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Tvær kvíar eru staðsettar utan þess svæðis sem leyfilegt er skv. viðaukum starfsleyfis. Skv. rekstraraðila verða þær kvíar tæmdar og fjarlægðar fyrir 1. júlí nk. Staðfesting á því að búið sé að fjarlægja kvíarnar hefur ekki borist eftirlitsaðila.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Niðurstöðum mælinga var skilað með tölvupósti þann 13. júní sl. og endurskoðuð ársskýrsla var send eftirlitsaðila með tölvupósti þann 11. júlí sl. og telst hún fullnægjandi.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að ekki er búið að uppfæra vöktunaráætlun eins og rætt var um í síðasta eftirliti.

ANNAÐ

Áhættumat og neyðaráætlun eru í gæðahandbók en bent er á að allar áætlanir þarf að senda stofnuninni í sér skjali, þ.e. eitt skjal fyrir hverja áætlun.

12.07.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir